

ISLENZK
STEFNA.



Helgi Pjeturss: EÐLI ÁSTARINNAR

Um eðli ástarinnar mætti skrifa stóra bók, en einnig segja mikil í fáum orðum. Ein aðalviðleitni gengur gegnum alla tilveruna, Hefst á því að hinar fyrstu frumagnir leita saman til að byggja upp efnið (efnisheiminn), og heldur áfram allt upp til hins æðsta lífs, kemur fram sem ást manns og konu, viðleitni á að samstillu hið tvennskonar lífsafl í hinum æðstu lífmyndum jarðar vorrar. En í sínu innsta eðli er þessi viðleitni tilraum hins guðlega, skapandi kraftar til að ná út í yztu æsar ófullkomleikans, svo að allsstaðar verði fullkomnun. Ástin er þess vegna, á alveg sérstakan hátt, guðs vilji, eða í samræmi við guðs vilja, þrá til að framkvæma hinn æðsta vilja, og gleði, þegar það tekst. Ástin er tilraun til að nálgast guð, magnast af guðlegum krafti, og maðurinn er aldrei eins nálægt guði og í faðmi góðrar konu.

5. okt. '28

ÍSLENZK STEFNA

Útgefandi : Félag Nýalssinna

Ritstjóri:

Porsteinn Guðjónsson

I. hefti

Febrúar 1963

V. árg.

ÍSLENZK STEFNA

Þegar Íslenzk stefna kemur nú fram í sjötta sinn á þeim rösklega 11 árum, sem liðin eru frá útkomu fyrsta heftisins, þá er það engan veginn með neinum tálvonom um skjótfengið fylgi og lesendafjölda, sem enn er reynt að halda í horfið. Íslenzk stefna er enn, aðeins tvísýn og veikburða tilraun til að halda fram málstað, sem svo mjög hefur verið rægður og lítilsvirtur, að nálega má heita, að þar hafi verið allar bjargir bannaðar. Og þó er þessi þekking, sem hér hefur náðst, en verið lítilsvirt, einmitt það, sem allir vildu helzt heyra, ef þeir vissu hvað um er að ræða, og það sem augljósast er, þegar borið er saman við það, hvað allar aðrar kenningar hafa fram að færa. Því hvað er augljósara en það að lífið hlýtur að eiga sér tilgang, og eins að þeim tilgangi getur ekki orðið náð, nema í alheimi efnisins, og að sigurinn yfir dauðanum er í því fölginn að flytjast þjáningalaust af stjörnu á stjörnu. Það mark, sem beina þarf kröftunum að, er að hér verði ekki framar þjáðst og dáið, heldur stefnt til sigurs yfir öllum hörmungum jarðlífssins, og því marki verður ekki náð nema með fullkomnum sambanda við aðrar jarðstjörnur alheimssins, sambanda, sem lengi hafa átt sér stað, en án þess að menn vissu af þeim og á þann hátt sem menn sízt varði.

Íslenzk stefna er tilraun til að greiða fyrir skilningi á þessum efnum. Hún ætlar að fá menn til að hugsa svo djarft, að

þeir láti sér ekki í augu vaxa að verða þiggjendur að og þáttakendur í hinni mestu uppgötvun sem gerð hefur verið. En vitanlega ekki á annan hátt en þann að gera ser ljóst hvort svo sé í raun og veru. — Íslenzk stefna getur enn fremur orðið einn af tengiliðunum milli þeirra sem þegar hafa látið sér skiljast það sem hér um ræðir. Með því að segja frá reynslu sinni og skilningi á ýmsum fyrirbærum sem á vegi verða, hjálpa menn bæði sjálfum sér og öðrum. Og frásagnir af því sem annarsstaðar kemur fram og til skilningsauka má verða, í vísindum og annarri þekkingarviðleitni, eru einnig meðal þess sem heima á í þessu riti.

Prátt fyrir allt er nú meiri ástæða til bjartsýni um Íslenzka stefnu en nokkru sinni fyrr. Ymislegt kemur nú til stuðnings sem ekki var áður, og í vísindum gerast þau tíðindi sem stórum greiða fyrir framgangi hinnar íslenzku stefnu. En hins er þó mest þörf að einstaklingarnir átti sig, og noti sér það til skilningsauka, sem fram kemur.

ÍSLENZK HEIMSPEKI

Útvarpserindi

Ég geri ráð fyrir, að flestir hafi gert sér nokkra grein fyrir, hvað átt er við með orðinu heimspeki, eða hvað heimspeki er. Ég geri ráð fyrir, að flestir hafi gert sér það ljóst, að heimspeki er skilningur á heimnum og sjálfum manni, eða viðleitni í þá átt. En ég vil taka það fram, að þeiri viðleitni hefur því aðeins orðið framengt, að aukin samræming haifi fundizt.—

Undirstaða heimspekinnar er að athuga og gera sér grein fyrir hinum ýmsu fyrirbærum tilverunnar. Undirstaðan er með öðrum orðum hinar ýmsu greinar þekkingarinnar. En sjálf heimspokin er að samræma hinar ýmsu vitneskjur og gera sér grein fyrir hvað þar eru aðalatriði og hvað ekki. Heimspeki er falin í því að sjá yfir, finna einingu í margbreytninni og að uppgötvu samnesnara þess, sem í fljótu bragði virðist ekki geta farið saman. Og skilyrði þess að það megi takast, er svikaleysi undirstaðanna, Hafi menn ekki gert sér réttilega ljóst, hvað er og hvað ekki er, hafi að einhverju skort á raunsæi í athugunum þeirra, þá eru engar líkur til þess, að útkoma dæmisins verði rétt. En séu undirstöðurnar ósviknar og skorti í þær ekki neitt það, sem nauðsynlegt er, þá er jafnvel ekki unnt að reikna dæmið öðruvísi en rétt.

En hvernig er þá farið hinni ríkjandi heimspeki nútímans ? Vissulega væri mikil ástæða til að ætla hana stórum framar en heimspeki fortíðarinnar, þar sem menn vita nú svo miklu meira en áður og miklu betur sumt.

“Röðull er mældur. Vér þekkjum hans þunga
og þræðum stjarnanna sporlausu brautir.

Við jarðnesku undrin er orðlaus tunga.”

Pannig segir Einar Benediktsson á einhverjum stað, og væri þó ef til vill enn meiri ástæða til að undrast nú en þegar hann sagði þetta. Þetta sem menn geta, er farið að verða

svo undursamlega mikið í mörgum greinum. Og þegar miðað er við Forngríkki, sem skópu þó svo merkilega heimspeki, og einnig þekkingu Vesturlandabúa á 16., 17., 18. og 19. öld þá er einnig ástæða til að undrast. Nú vita menn t. d. það, sem þeir vissu ekki áður, nema óljóst, að í þessari Vetrarbraut, sem þetta sólhverfi tilheyrir, eru sólir svo þúsundum milljóna skiptir, og að samkvæmt mýjustu stjarnfræðiniðurstöðum fylgja hverri sól reikistjörnur eða jarðir slíkar sem þessi, sem vér byggjum. Og menn vita í þessu efni meira en þetta. Þeir vita, að til eru fjöldamargar aðrar Vetrarbrautir en þetta hverfi eða samband þúsundmilljóna sólna, og að milli þessa alls eru tengsl, sem öll heimshreyfingin hvílir á. Og um lífið vita menn nú ýmislegt, sem þeir vissu ekki áður. Þannig vita þeir, að lífið hefur þróazt hér fram af lítilli og ófullkominni byrjun, og þeir vita enn fremur margt um starfsemi þess í hinnum einstöku líkönum, og geta þarfleiðandi ráðið við ýmsa þá sjúkdóma, sem áður voru óviðráðanlegir. En þó að menn viti nú þetta og ótalmargt fleira, og geti þó jafnvænnþá meira en þeir vita, þá get ég ekki betur séð en að hin ríkjandi heimspeki sé tiltölulega vanmáttug og fátækleg. Prátt fyrir þekkingu þá, sem fengizt hefur á síðustu öldum og þó einkum á síðustu áratugum eða árum, þá virðist mér að skilningi manna á aðalatriðum tilverunnar hafi farið furðulítíð fram. Eða nákvæmar sagt, ég sé ekki betur en að heimspeki nútímans sé að mestu leyti heimspeki vonleysis og efa, enda eru nú margir komnir á þá skoðun, og ekki sízt hinir vitrustu menn, að menningin sé nú komin að því að steypast. Prátt fyrir framfarirnar þykjast nú þessir menn sjá einkenni hrörnunarinnar á mörgu í menningu nútímans, og er þá ótalinn sá voði, sem við blasir, ef hin þriðja heimstyrjöld brytist út. Og þetta getur naumast stafað af öðru en því, að þrátt fyrir allt viti menn ekki nóg. Eða nákvæmar sagt, ástæðan til þess, hve heimspeki nútímans er vanmagna og fátækleg, hlýtur að vera sú, að hin ríkjandi þekking sé eitthvað einhliða eða jafnvel þannig, að það sé einna sízt vitað, sem mestu máli skiptir.

að vita. — Ég vil nú biðja menn að skilja mig ekki svo, að ég telji lítilsverða hina tæknilegu vizku manna eða hvað þeir geta. Auðvitað hefur tæknin fært þeim stóraukið hagræði og stóraukna lífsmöguleika. En vegna þess að líkast er því, að menn hafi þrátt fyrir þetta heldur fjarlægst það að sjá yfir, vegna þess að því er líkast, að sumt í þekkingu nútímans hafi heldur byrgt mönum hið heimspekilega viðsæi, þá hlýtur þar að vanta eithvað til að standa á. Og vissulega er líka svo. Ef að er gætt, þá er í rauninni fljótséð, að verulega vantar í undirstöður heimspekkunar. Pannig vita menn ekki, hvað lífið er í sínu innsta eðli. Peir vita ekki, hver uppruni þess er hér á jörðu, eða hver tilgangur þess er. Peir vita að vísu hvernig einstaklingarnir verða til. En þeir vita þó ekki, hvað í rauninni er þar að gerast né heldur hitt hvort nokkurt framhald er efur dauðann. Og hér er það nú, sem hin íslenzka heimspeki getur komið til hjálpar. Í stað hinnar ríkjandi esunar og öfughyggju er þar um að ræða nýja og stórum víðari útsýn en nokkru sinni áður hefur fengizt hér á jörðu. Og sú útsýn hefur auðvitað ekki fengizt af öðru en því, að þar er um að ræða þekkingarundirstöðu, sem ekki hefur verið til áður. Íslenzk heimspeki er annarsvegar byggð á því, sem bezt hefur verið vitað og bezt hefur verið hugsað hér á jörðu. En hún er einnig byggð á nýjum, vísindalegum uppgötvunum. Og skal nú loks reynt að gera nokkra grein fyrir þeim.

Eins og mörgum er nú kunnugt orðið, og viðurkennt er núorðið, þá var höfundur hinnar íslenzku heimspeki, dr. Helgi Pjeturss, einn af ágætustu náttúrusfræðingum þessarar þjóðar. Hann var jarðfræðingur og gerði hér á því svæði merkilegri uppgötvunarir en nokkur annar jarðfæðingur hefur gert, bæði fyrr og síðar. Svo merkilegar uppgötanir gerði hann varðandi íslenzka jarðfræði, að það breytti að verulegu leyti skilningi manna á sköpunarsögu landsins. En þó að hann hefði alla tíð mikinn áhuga á jarðfræði og öðrum slíkum náttúruvísindum, þá beindist hugur hans snemma einnig að öðrum viðfangsefn-

um, og var þar á meðal sjálfur hann og þetta líf sem lifað er hér á jörðu. — Eins og kunnugt er, þá vita menn ekki, hvað svefninn er eða hversvegna menn þurfa að sofa. En að þeirri gátu fór dr. Helgi snemma að beina huga sínum og athygli. Og hann komst þar að ljósri og mjög ákveðinni niðurstöðu. Eftir að hafa gert sér ljóst eðli og raunveruleik draumanna, — en um þá hafa menn lengi haft ýmsar óljósar og sundurlausar skoðanir, — komst hann að þeirri niðurstöðu, að svefninn væri sambands og mögnunarástand.

— Niðurstaða hans um draumana var sú, að draumur eins sé ævinlega að undirrót vökulíf annars, að draumar séu ævinlega þannig tilorðnir, að sofandi maður fái samband við einhvern vakanda og sjái að nokkru og heyri það, sem hann sér og heyrir. Og framhald þessa skilnings var svo það, að svefnæringerin verði fyrir inngeislan lífmagns, sem draumurinn eins og berist með. Og það sem hér var um að ræða var ekki einungis samband einstaklingsins við einhverja íbúa þessarar jarðar, heldur einnig og fremur samband hans við íbúa annarra hnatta. Pannig var uppgötvun hans ekki einungis samband milli samstirninga hér, heldur einnig geislasamband við lifendur annarra hnatta, og var það óneitanlega mikil nýjung og undirstaða nýs skilning. Margt sem áður hafði verið óskiljanlegt, fór nú líka að blasa við í bjartara ljósi en áður. Nú fór það að blasa við hvernig lífið hafði hér verið vakið. Krafturinn sem magnar hinn sofandi mann til aukins lífs, er sá hinn sami sem fyrst tendraði hina örsmáu lífsneista hér á jörðu og knúði þá fram til þróunar. Og nú fór það að blasa við sem náttúrufræði, sem áður hafði verið aðeins trúaratriði, og óskiljanlegt, að líf er eftir dauðann. Nú opnaðist leið til að sjá fram á eðlisfræðilega möguleika til slíks. — menn eru ýmist að tala um það að geislan, t. d. geislan sólarinnar, sé bylgjuhreyfing, eða þá að hún sé einskonar skothríð orku-skammta eða orkuhnúta. En aðalsannindin í því efni eru það, að geislan er ævinlega falin í viðleitni eins hlutar til að setja sinn snúð á aðra hluti, framleiða þar sitt ástand, skipa niður

á sína vísu. Uppgötvun lífcislunarinnar leiddi þannig til þess skilnings á lífinu, að það sé ákveðin niðurskipan efnis, ákveðin niðurskipan eða samstilling þeirra efniseinda, sem það nær tökum á, á hverri stjörnu. Og þessi skilningur á lífinu gerði ljósa möguleika til þess, sem eru satt að segja hinir einu eðlisfræðilegu möguleikar til framlífs, að lifað sé áfram á öðrum jarðstjörnum. Og nú fór einnig syrir uppgötvun lífsamlandsins að verða ljóst það, sem áður hafði ekki verið ljóst um trúarbrögðin. Aðalundirrót þeirra er samband við lengrakomna íbúa annarra stjarna. Þetta, sem mönnum stundum hafði vitnagt, en gátu þó ekki hafa aflað sér vitneskju um sjálfir, það var þeim syrir innblástur komið þaðan, sem betur var vitað en hér, — innblástur, sem byggist á því, eða getur því aðeins átt sér stað, að einn geisli áhrifum sínum til annars. Uppgötvun lífsamlandsins gerir skiljanlegt samband manna við guði og æðri verur. Og hér fór nú að verða ljóst, til hvers skyldi stefnt eða hver tilgangur lífsins er. Tilgangurinn er æ meira og fullkomnara samband allra hluta. Það sem verður þegar lífið kemur til sögunnar á hverjum hnetti, er aukin samstilling efnisins þar. Það mætti segja að á hverjum byrjandi stað sé efnið eða frumeindir þess eins og sundurlausir bókstafir. En ætlunin er eða réttstefnan, að frumeindir efnisins skipist þannig niður, að úr verði það, sem líkja mætti við orð eða viturlegar setningar. Tilgangurinn er með öðrum orðum samræming allra hluta þannig, að æ verði meiri eining ásamt því að fjölbreytnin aukist. Og nú blasir þetta við, sem trúarbrögðin hafa verið að boða, þar sem þau hafa komið fram á segurstan hátt. Gildi þess að unnast og vinna að velfarnaði allra lifenda er falið í því, að með því er unnið að framgangi segurðarinnar og samræmisins, sem er höfuðmark allrar tilveru. Það er þannig héðan séð eðlisfræðileg nauðsyn hverjum lifanda að haga lífi sínu svo sem hann bezt getur, og má því nærrí geta að miklu skiptir að vita, hvað er hið rétta í hverju einu og hvað ekki. Það er frá þessu íslenzka sjónarmiði séð ekki fremur trúaratriði, að það hljóti að leiða

til ófarnaðar hverjum manni að vilja öðrum illt og vinna en það er trúaratriði, að óholtt muni vera að neyta eiturs.

Petta var nú í fáum dráttum meginatriði hinnar íslenzku heimspeki. Meginatriðið þar er, að frumorsök hvers eins er samband þess við annað, og er afleiðing þess sú, að heimurinn hlýtur að vera óendanlegur í tíma og rúmi. Óendanleikinn er frumorsök hlutanna, og leiðin fram er til æ meiri sambanda og samræmis. Pannig er leiðin frá ólífi til lífs, og þannig er líka leiðin frá hinu ófullkomnara lífi til hins fullkomnara. Og þetta, hversu mjög hin íslenzka heimspeki byggist á og er í samræmi við það, sem menn vita nú bezt um heiminn og mikilleik hans, það ætti að vera góð binding um að ekki sé þar aðeins um að ræða sérvizku, sem aðeins nokkrir fáraðlingar hafa hallað að og veitt fylgi sitt. Raunveruleikinn er ekki einungis sá, að íslenzk heimspeki byggist á því, sem bezt hefur verið vitað og bezt hefur verið hugsað hér á jörðu. Um hana má segja, að hún byggist á því fremur en nokkur heimspeki önnur. Heimspeki nútímans byggist ekki á þekkingu manna um mikilleik heimsins eða hefur að minnsta kosti ekki fært sér hann verulega í nyt, og er gott dæmi um það, að einhver kunnasti heimspekingur núlifandi, Bertrand Russell, skuli í heimspekisögu sinni ekki minnast einu orði á þann mann, sem stórkostlegast hefur hugsað í þeim efnum. Bertrand Russell minnist þar ekki einu orði á Brúnó, sem létt sér svo vel skiljast óendanleika heimsins og fyrstur hélt því fram að fastastjörnurnar væru sólir. Og það er ekki einungis, að hin ríkjandi heimspeki nútímans færí sér ekki að neinu ráði í nyt þetta, sem Brúnó skildi, og vísindin hafa síðan smámsaman verið að sanna. Hún færir sér ekki heldur í nyt þann skilning á heimssambandi stjarnanna, sem Newton kom á framfærí. En á þessu byggist hin íslenzka heimspeki að svo verulegu leyti. Heimspeki sem byggist á því, eða er að miklu leyti falin í því að skilja heimsamband lífsins, þarf alveg sérstaklega á því að halda, að vitað sé af óendanlega mörgum sólum og jörðum og eins líka af þessu sambandi sjálfra stjarnanna, sem hreyfingar þeirra

byggjast á. Þetta, að líf einnar jarðar byggist á sambandi sínu við líf annarra jarða, það er í rauninni alveg beint framhald af því, að hreyfing einnar stjörnu byggist á sambandi hennar við aðrar stjörnur. Og það þarf varla að efa, að af þessi m sjónarhóli er miklu vænlegra að átta sig og rata en þaðan, sem ekki gefur neina sýn út fyrir jörðina. Því meira sem útsýnið er eða víðara, því meiri líkur eru til þess að villast ekki. Ratvísí hér á jörðu er einmitt undir engu eins komin og því, að vel sjái út til stjarnanna. Og þegar frá þessu sjónarmiði er horft, sem hér er gert, þá verður mat á mönnum mjög á annan veg en áður. Frá þessu sjónarmiði, sjónarmiði hinnar íslenzku heimspeki verða þeir ekki ævinlega mest verðir, sem mest áhrif höfðu um sína daga eða frægastir eru. Frá sjónarmiði hinnar íslenzku heimspeki verða þeir auðvitað ágætastir taldir og mestir brautryðjendur, sem mest lögðu undirstöður að þessari brú yfir djúpið, sem er skilningurinn á hinu mikla heimssambandi lífsins. Og hér hesur nú loks þessi brú verið lögð, þó að eftir sé það, sem ef til vill er erfðast, að fá menn til að koma auga á að svo sé og læra að fara hana. Brúin sem svo lengi hesur verið í smíðum og hinnir ágætustu frumherjar þekkingarinnar hafa, án þess þeir eiginlega vissu, lagt undirstöður að, hesir nú loks verið byggð hér á Íslandi, og er ekki undarlegt þó að mörgum, og þá ekki sízt Íslendingum, þyki ótrúlegt að slíkt skuli hafa átt sér stað. En þó mun svo reynast, ef menu bíða þess ekki að farast, að sú brú er eina úrræðið. Fullkomnun sambanda við þá, sem lengra eru komnir að góðleik og viti, er eina leiðin til að bjarga mannkyninu frá því að farast, og þekkingin á sambandinu er eina leiðin til þess, að sú fullkomnun geti orðið.

...

Ég ætla svo að endingu að víkja aftur og nokkru nánar að þessari undirstöðu hinnar íslenzku heimspeki, sem er skilningur Helga Pjeturss á eðli svefn og drauma, og vil ég þá aftur minna á það, að Helgi hafði áður reynzt uppgötvuður á öðru svæði. Að vísu má segja að slíkt sé ekki sönnun fyrir

því, að þessi uppgötvun hans hafi verið rétt. En eins og ég sagði áðan, þá eru miklu meiri líkur til þess að maður, sem gert hefur raunverulegar uppgötvunar á einu svæði, geti gert aðrar. Og þegar nú þessi maður segist hafa gert slikar aðrar uppgötvunar, þá er satt að segja miklu skynsamlegra að vera ekki alveg sannfærður um, að hann segi það ekki satt. Pegar maður, sem reynzt hefur framúrskarandi bæði sem námsmaður og athugari, segist hafa gert mjög áriðandi eða mikilsverða uppgötvun, þá væri vissulega hið langskynsamlegasta, sem aðrir menn gætu gert að reyna með eftirgreinnslan að að komast að því sjálfir, hvort ekki sé eins og hann segir. Og það vill líka svo skemmtilega til í þessu efni, að hver einasti maður getur með eftirgreinnslan komið þar að hinu rétta. Til þess þurfa menn ekki annað en rannsaka drauma sína og sjá þannig hvort nefndur maður hefur haft rétt fyrir sér eða ekki. Og nú vil ég biðja þá sem á mig hlýða, að gera sér grein fyrir því, sem í þessu efni mætti nefna aðalatriði. Hvort eru draumar ykkar heldur sýnir og atburðir eða hugsanir um sýnir og atburði? Og ef ykkur virðist þar eins og mér og öðrum, sem gert hafa sér grein fyrir þessu, að draumarnir séu sýnir og atburðir, en ekki einungis hugsanir, líf, en ekki hugsanir um líf. Hver þykir ykkur þá líklegast að sé undirrót þeirra? — Sumir hinna frægustu sálfræðinga hafa reyndar verið að hugsa sér það, sem tæplega værið hugsað nema á “útjaðri vitheims”, eins og Helgi Pjeturss komst að orði um vitstig mannkynsins, að maður geti í svefninum búið sér til slíka atburði og sýnir, sem í draumum verða. Petta, að hinn sofandi maður geti slíkt, það er í rauninni svo mikil fjarstæða, að slíku er ekki haldið fram, nema þar sem ríkjandi er algjört þekkingarleysi. Pegar maður leggst fyrir eða sofnar, þá verður það á engan hátt annan en þann, að hann gleymir sér og hættir að hugsa, og er það því nálega eins óhugsanlegt og nokkuð getur verið, að vitund hans geti þá, eða einhverjir þætir hennar skapað sér það, sem þá ber fyrir mann. Ef nógu vel er aðgætt og íhugað, þá er þetta

í rauninni alveg óhugsanlegt, enda þarf ekki um það að villast, að vitnist manni eithvað í svefni, sem hann vissi ekki áður og ef til vill ekki neinn af samstirningum hans, að þá hlýtur þar að vera um að ræða annað og meira en eina saman vitund dreymandans. Vitneskja sem einhver öðlast, en hefur ekki aflað sér hennar sjálfur, hlýtur alveg áreiðanlega að vera komin honum frá einhverjum öðrum. Og þegar gætt er að draumsýnum, þá koma þær mjög vel heim við það, að einnig þeim sé á sama hátt varið og draumvitneskjunum, að þær séu komnar dreymandanum frá einhverjum öðrum. — Það mun að vísu mörgum finnast svo, að þá dreymi einkum það, sem þeim var kunnugt úr vöku. Manni finnst jafnan í draumi, að hann sé staddir heima hjá sér og meðal kunningja sinna. En raunveruleikinn þó er á hinn veginn. Raunveruleikinn er að það sem fyrir mann ber í svefninum, er nálega undantekningarlaust ókunnugt honum úr vöku. Þykist maður sjá sjálfan sig í svefni, þá er þar aldrei manns eigið útlit. Og þykist maður staddir heima hjá eða á einhverjum öðrum stað sér kunnugum, þá er þar aldrei eins og raunverulega er á þeim stöðum. Þó að manni finnist þetta ekki vera svona, þá er samt raunveruleikinn á þenna veg um draumana. Hann er einmitt svo sem vera mundi, ef einhver annar en sjálfur maður hefði verið að virða fyrir sér andlit sitt í spegli eða þá að horfa á staði sér kunnuga. Og þegar enn betur er gætt að draumunum og vitneskjum þeirra og um leið haft í huga það sem með svefninum veitist, þá verður það ekki einungis hugsanlegt, heldur einnig óhjákvaemilegt að þessi annar, sem var að virða fyrir sér sjálfan sig eða sér kunnugan stað, hljóti a.m.k. stundum að hafa verið íbúi eínhvær annars hnattar. Það sem fyrir mann ber í svefninum, er einmitt oft þannig, að slíkt hlýtur að vera, og raunverulegur skilningur á svefnmagnaninni kemst ekki af með minna en heimssamband lífsins. Sofandi maður og hvort sem hann er sofandi eða vakandi, kemst aldrei af án þess að vera í sambandi við íbúa annarra hnatta. Og nú ætla ég að síðustu að biðja áheyrendur mína að gæta

að því, hafi þeir ekki gætt að því áður, hvort ég hef ekki rétt fyrir mér þegar ég segi, að draumsýnirnar séu jafnan eitthvað frábrugðnar því sem, sem maður ætlar þær vera, eða hafa verið. Gætið að því, ef þið þóttust sjá ykkur sjálf í draumi, hvernig úlit ykkar var, Og gætið að því hvort ekki var eitthvað með óvanalegum hætti, þegar ykkur dreymdi heimili ykkar.

Þorsteinn Jónsson
á Úlfsstöðum

ÚR SANNÝAL

Fyrir nokkru kom hingað til lands gestur, sem merkilegra erindi gæti hingað átt en nokkur sem hér hefir að landi borið áður, maður, sem með krafti hinnar göfugstu sannfæringar heldur því fram, að íslenzku þjóðinni sé stærra hlutverk ætlað í sögu mannkynsins en nokkur líkindi mundu þykja til, þegar einungis er litið á smæð þjóðarinnar og örlög ýmsra þeirra Íslendinga, er við betri ástæður helzt hefðu verið til þess fallnir að vinna verk, sem áunnið hefði þjóðinni heimsnafn, eins og Sveinn Pálsson, Jónas Hallgrímsson, Baldvin Einarsson og fleiri. Nú er eftir að vita, hvort sá verður árangurinn af þeirri hjálp, sem forsjónin er að veita með komu hins ágæta útlendings, er til er ætlazt — eða hvort rás viðburðanna heldur sömu stefnu og áður, og verður því líkust sem andskotinn væri mitt á meðal vor. En þegar gætt er að hættunum, sem yfir vofa, þá mun sjást að það er sízt ofmælt, að einmið sú hafi hér stefnan verið.

Maí 1939

ÚR ÆVISÖGU MIÐILSINS E. D'ESPÉRANCE

Komið til Noregs

Eftir að þessum minnisstæðu tilraunum lauk, var ég um skeið mjög máttvana, og tilraunir til að fá fram ósjálfráða skrift eða einhverja smávægilega fyrirburði, urðu árangurslausar, svo að ég hætti þessu alveg og fór að gefa mig alla við daglegum störfum auk þess sem ég hélt áfram að mala. Mér fannst mjög gaman að mala, og ekki dró það úr að myndir eftir mig höfðu fengið fyrstu verðlaun á listsýningu, og landslagsmyndir mínar frá Svíþjóð höfðu selzt svo vel, að ég fór að verða mjög bjartsýn á framtíðina.

Ég starfaði af kappi um eins árs skeið, því ég æftaði mér að fara til Noregs sumarið eftir í skemmtiferð og til að skoða landið. Málverk mín seldust svo vel, að ég sá að ég mundi hafa efni á að vera þar nokkuð lengi, og ég lagði upp í ferðina full af eftirvæntingu.

Til lands miðnætursólarinnar fannst mér dásamlegt að koma og kynnast fjöllum þess og fjörðum, hinni hrikalegu náttúru-
segurð, víðfeðmum himninum og heim menjum, sem enn eru þar um tignun hinna fornu guða, fornum sögnum og þjóðtrú, að kynnast þessu landi Óðins, Þórs og valkyrjanna, sem leiddu hina föllnu kappa til Valhallar. Ég ann þessari þjóð, hinum harðgerðu Norðmönnum, sem eru svo frjálsir og sjálfstæðir í hugsun, hreinskíptnir og opinskáir í framkomu og góðir mál-
svarar þess sem þeir álita satt og rétt. Þar sem þeir eru sjálfir vandaðir vænta þeir hins sama af öðrum í hverju einu. Þeir reyna ekki að koma sér undan skyldu sinni, þótt hún kunni að vera óþægileg eða þótt tilgangurinn kunni að verða misskilinn eða rangtúlkaður. Hvað sem þeir taka sér fyrir hendur, þá vinna þeir að því með orku; hort sem það eru rannsóknir á miðilsfyrirbrigðum eða könnunarferðir til heim-
skautanna.

Það var í þágu kunningja minna meðal þessa ágætisfólks,

sem mér gafst kostur á að hefja að nýju líkamningatilraunirnar, og í þetta sinn með meiri aðgæzlu en áður. Mér fannst að þrátt fyrir reynslu mína í þessum esnum skildi ég ekki vitunci meira í fyrirbrigðunum en þetta fólk, sem nú var að fá sín fyrstu kynni af þeim. Ég hafði lesið ýmislegt um miðilsfundi og var ekki laust við að ég væri með sjálfsí mér dálitið hreykin af því að hafa á mínum fundum jafnan vitað af mér og ekki verið í leiðslu eða án eigin meðvitundar. Þrátt fyrir þetta virtist mér helzt að ég væri engu nær um eðli fyrirbæranna. Fólkisem með mér var virtist betur að sér en ég kennigungum og heimspeki sem þetta mál snerta. Það tók eftir ýmsu og setti eitt í samband við annað af því sem mér hafði annaðhvort sézt yfir eða haldið að ekki skipti máli. Það var þannig því líkast að íg væri þarna byrjandi í nýju námi.

Þá ákvörðun tók ég, þegar í byrjun, að hvort sem fyrirbæri kæmu fram eða ekki, þá skyldi ég ekki sitja framar bak við fortjaldíð. Ég vildi eiga kost á að neyta eigin augna og eyrna. Ef líkamningaklefinn væri eins nauðsynlegur og af var látið, þá mátti mín vegna hafa klefa, en ég ætlaði ekki að vera þar.

Þetta skilyrði mitt leiddi af sér ekki allitla fyrirhöfn, og fyrst í stað virtist hún helzt vera unnin fyrir gíg, þar sem fundirnir voru haldnir í myrkri, svo að verurnar sem fram komu sáust varla. En þetta breyttist til batnaðar þegar fram í sótti, og mér fór að virðast, að ég væri á réttri leið til þekkingar. Ég sá hvað fram fór auk þess sem ég heyrði. En þó var ég engu nær því sem ég sóttist eftir að skilja: með hverjum hætti þetta yrði. Ég sá að það gerðist ég sá það sem fram kom, en hvernig og hversvegna var mér jafnóskijjanlegt og aður.

Það gerðist á einum fundinum í Kristjaníu, að einn af þáttakendum náði til sín pjötlu úr slæðu þeirri, sem ein veran var hjúpuð í. Seinna komst ég að því að stórt gat var komið á kjólinn minn, að nokkru leyti skorið en að nokkrum

hluta rifið. Kjóllinn sem fyrir þessu varð var úr þykku, dökku ullarefni. Slæðubúturinn sem fundargesturinn hafði náð til sín var í laginu eins og gatið á kjólnum mínum, en talsverðum mun stærra og hvitt á litinn og auk þess fíngert og þunnt eins og gasefni.

Dálitið þessu líkt hafði áður gerzt hjá okkur í Englandi, þegar maður nokkur hafði beðið Ninju um búti af eigulegum klæðisfaldi hennar. Hún tók því seinlega en leyfði það þó, og ástæðan til þess að hún tregðaðist við kom síðar í ljós. Þegar ég fór lithu síðar í nýjan kjól, sem ég hafði ekki komið í fyr, reyndist vera komið gat á hann. En þar sem þessi kjóll var úr dökku ullarefni, hélt ég að þetta óhapp hefði fremur orðið af hendingu eða fyrir einhver mistök hjá Ninju en að beint samband væri þarna á milli. Nú þegar þetta sama gerðist aftur, kom mér í hug að þetta gæti ekki verið tilviljun, heldur að fötin mín eða annarra fundarmanna væri sú efnisundirstaða, sem myndun hinna skínandi andaklæða byggðist á eða væri það sem legði til efnið í þau. Slikt sem þetta hefur gerzt hjá mér nokkrum sinnum síðan, en þegar andinn hefur af fúsum vilja gefið pjöltu, hefur kjóllinn minn verið heill á eftir.

Tilraunirnar sem nú voru að hefjast og með hinu nýja fyrirkomulagi, sem ég minntist á, voru mér mikils virði og gáfu mér margt um að hugsa. Ég var farin að hafa einhverja óvissutilfinningu gagnvart þessum líkömuðu verum. Ég hefði ekki getað lýst því hvað mér sjálfri fannst, en einhverjar óákveðnar esasemdir voru það, sem voru farnar að gera mér órött. Ég vissi víst varla hvernig á þeim stóð eða hvaðan þær voru komnar, en þær voru sífellst að leita á mig.

Nú þegar ég var orðin eins og þáttakandi í tilraununum í stað þess að vera ein míns liðs inni í miðilsklefanum gat ég hinsvegar litið á það sem fram fór eins og frá tveimur hliðum, annarsvegar eins og hver annar fundarmaður og hinsvegar með hlíðsjón af því, sem ég varð sérstaklega vör um sjálfa mig, það er frá sjónarmiði miðilsins. Það sem mér

lærðist að athuga við þessi skilyrði, fannst mér vera mér til mikils ávinnings.

Ég ætla að birta hérna kafla úr dagbók minni efur síðasta fundinn, sem ég hélt áður en ég lagði upp í hina fyrirhuguðu ferð til að skoða landið því hún gefur glöggum hugmynd um það, hvað miðlinum finnst um sig á líkamning-afundi eða hverjar tilfinningar hann hefur.

”Við höfum tímann fyrir okkur, þegar við komum til Kristjaníu og fáum okkur tesopa áður en gengið er til tilkaunastofunnar”.

”Ég er alveg að missa móðinn, og kvíðinn sækir á mig því meir sem nær dregur fundinum”.

Janey segir við mig: ”Pér eruð ekki beint glaðleg” og ég verð að játa að svo sé, Þó að mér þyki það leitt að svo þurfi að vera, þegar ég hugsa um allt það sem fyrir mér hefur verið haft og hve fólkis hefur lagt sig fram um að gera mér til hæfis, svo að ég gæti orðið sem bezt fyrirkölluð, þegar fundurinn hæfist. Ég reyni því að bera mig sem bezt, þegar ég er setzt að teborðinu, þar sem fólkið er að tala um undirbúninginn að fundinum”.

”Pegar við komum inn í tilraunaherbergið, eru þar fyrir ýmsir kunningjar mírir, og börnin tvö sé ég þar ásamt því þriðja, dreng sem miðillinn frú Petterson átti.

”Ég hressist mikið við að sjá börnin, þau eru svo indæl. Þau ná sér í stóla og setjast sitt hvoru megin við mig, rétt eins og það væri sjalfsagt og masa saman eins og fuglar á kvisti.

”Gasljósið hefur verið minnkað, en gefur þó næga birtu til þess að sjá má hvern hlut greinilega þarna inni, og ég sé hvað tímanum liður á hinum máðu og óskýru stöfum á stórrri klukku hinum megin í herberginu. Mér virðist vera of bjart, en það er ástæðulaust að breyta því nema þess gerist sérstaklega þörf. Einn þeirra sem komnir eru gefur mér two poka af konfekti, en þar sem þeir baka mér einungis fyrirhöfn,

rétti ég þá sessunaut mínum um leið og ég bið hana fyrir hanzkana mína.

“Jonti litli fær smápoka, og mundu nú estir að gefa Gústaf litla, framliðnum bróður þínum með þér, ef hann skyldi koma.

Pegar ég er búin að losa mig við dótið, fæ ég mér sæti og tek stillt í hendurnar á börnunum. En þá dettur mér í hug, að ég taki að einhverju leyti orku frá börnunuṇ, svo ég sleppi þeim, því að þessir smávinir mírir þurfa á öllu sínu að halda.

“Við sitjum nokkra stund saman í rökkru, án þess að nokkuð gerist, en það var greinilegt að einhver hreyfing var í klefanum á bak við mig. Við nutum söngsins, og hann dró athyglina frá því hvað kynni að gerast í klefanum og stytti fyrir okkur tímann meðan við biðum.

“Ljósið var enn lækkað og jafnskjótt kom vera út úr klefnum og gekk svo greitt að okkur brá við.

“Á hæla hennar kom önnur minni og gekk fram hjá mér og beint til Jonta litla, sem rétti verunni pokann með sælgætinu og sagði: “þetta er handa þér, góði Gústaf minn”

Litla hvíta veran kom aftur með pokann í hendinni, reif hann upp og rétti Maju litlu, sem tók sér drjúgan skerf, en þá helti veran úr pokanum í keltu mína og ýtti því svo til Jonta, sem beið óþolinmóður.

“Er þetta bróðir þinn, Jonti? Er það Gústaf? heyrðist sagt einhversstaðar í hringnum. “Segðu mér, er það Gústaf?”

“Já það er Gústaf, svaraði Jonti með munninn fullan af konfekti.

“Komdu nú, Gústaf minn, sagði röddin í hringnum, að finna mömmu og gefðu henni líka svolítið. Komdu, ég skal leiða þig. Þú þarft ekki að vera hræddur, ég skal gæta þín.

“En Gústaf þurfti ekki að láta hjálpa sér og fór til mömmu sinnar og tæmdi pokann í kjöltu hennar, klappaði henni á kinnina með litlu höndunum, og fór aftur á sinn stað hjá systkinum sínum.

"Farðu nú að finna hann pabba pinn; Gústaf li:li. Gústaf minn, hann sér svo eftir þér, sagði móðirin, og mátti finna að hún hafði komist við. En Gústaf hlustaði ekki á hana, hann dvaldist enn einar tvær mínútur hjá systkinum, síðan leystist hann upp og var horfinn.

Á meðan á þessu stóð, hafði önnur vera birzt nokkrum sinnum vinstra megin við mig, án þess að hún næði því þó, að myndast til fulls. En nú var þarna komin hávaxin fullvaxta mannsmynd og gekk hröðum skrefum inn í miðjan hringinn, þar sem herra Lund fagnaði henni, en hann var staðinn upp til að taka á móti henni.

Ég veit ekki hver þetta var, og gleymdi að spyrja um það á eftir.

"Pessi vera vekur nokkra undrun meðal þáttakenda með framkomu sinni, því að verurnar höfðu jafnan verið mjög hjúpaðar og eins og hálf ódjarfar og hlédrægar, en þessi er fasmikil og líkast því að hún þykist gera okkur mikla sæmd með því að koma fram hjá okkur. Hún strunsar framhjá mér, og ég er ekki frá því að mér hafi sárnað þetta. Hingað til hafði ég verið þarna í mestum metum og allt snúiðt um mig, nú man enginn eftir mér lengur. Mig fer að langa til að sjá framan í þessa hávöxnu veru, en hún snýr baki við mér og ég verð að dæma um hana einungis eftir vextinum. Hún virðist vera mjög há, og ég tek eftir því að þegar hún stendur hjá herra Lund er hún nokkurnveginn jafnhá honum. Hún snýr aftur með sama tignarfasi, og það liggar við að mig langi til að minna hana á, að hún ætti heldur að gefa sig eitthvað að mér en að láta eins og hún viti ekki að ég sé til. En nú er hún farin, án þess að ég hafi komið upp nokkru orði. Ég er einkennilega lin og magnvana, og get aðeins skynjað og fundið til, en ekki aðhafzt.

"Nú kemur önnur vera, minni og grennri, með útréttu arma. Einhver stendur upp hinum megin í hringnum og kemur til móts við veruna og þau fallast í faðma. Ég heyri talað óskýrt eða kallað : "Anna. Ó, Anna míن. Barnið mitt, blesstað

barnið mitt”.

Pá er einhver annar úr hringnum kominn fram á gólfíð og faðmar að sér veruna, og ég heyri blandast saman snökt, undrunaróp og fyrirbaenir. Mér finnst eins og mér sé vaggað til og frá, og mér sortnar fyrir augum. Ég finn arma lykjast um mig, þó að ég sitji ein í stólnum. Ég finn hjarta berjast við brjóstíð á mér. Ég finn að eitthvað er að gerast, og þó eru ekki aðrir hjá mér en börnin tvö. Enginn tekur eftir mér. Allra augu beinast að hinni hvítu grönnu veru, sem dökklæddu konurnar tvær eru að faðma að sér.

“Það hlýtur að vera hjartað í mér sem ég heyri slá. En þessir handleggir? Ég hef aldrei á ævi minni fundið snertingu eins greinilega og nú. Ég er farin að spryrra sjálfa mig hver ég sé. Er ég hvíta veran þarna eða er ég sú sem situr á stólnum?

Eru það mínar hendur, sem tekið er um hálsinn á gömlu konunni þarna eða eru það þær sem liggja á hnjánum á mér eða þá á verunni sem situr á stólnum, ef það er ekki ég.

“Það fer ekki hjá því að það eru varirnar á mér, sem verið er að kyssa. Það er andlitið á mér sem er vott af tárnum, sem streyma úr augum gömlu kvennanna. En hvernig má það vera? Það er hræðileg tilfinning að missa þannig af sjálfrí sér: Mig langar til að geta rétt úr þessum handleggjum, sem liggja þarna svo maguþrota, og koma við einhvern með hendinni, til þess að geta gengið úr skugga um, hvort ég er sú sem ég er eða einungis draumur — hvort Anna er ég eða hvort ég er eins og samsömuð henni. Ég skynja snertinguna við handleggi gömlu konunnar, kossa systur hennar, tárin, fyrirbaenrar og atlotin, og ég spryr sjálfa mig í nær óbærilegri óvissu og undrun hversu lengi þetta geti staðið. Hver verður endirinn á þessu? Verð ég að “Önnu” eða “Anna” að mér.

Pá finnst mér eins og tvær litlar hendur komi við mínar og þær gefa mér undireins eitthvað til að styðjast við, og jafnskjótt fyllist ég fögnuði yfir því að vita, að ég er sú sem ég er, og að verða þess vör að Jonti litli, sem var farið að

leiðast er að taka í höndina á mér til halds og trausts.

En hvað mér þykir vænt um þessa snertingu. Efasemdir mínar um það hver ég sé eru horfnar. Samtímis þessu hverfur hin hvíta vera, sem nefndist Anna, inn í klefann og konurnar ganga til sætis síns, með mikilli geðshræringu og gráti, en þó glaðar og fagnandi yfir því sem gerzt hafði.

Ymislegt fleira gerðist þetta kvöld, en ég var fjörlítil og áhugalaus um það sem gerðist í kringum mig. Kynlegir og óvæntir hlutir áttu sér stað, en nú var eins og ég væri protin að kröftum, og ég þráði einveru og hvíld, helzt langt frá öllum borgum og fjölmenni. Og þegar fundinum var lokið, hugsaði ég ekki um annað en hvíldardvöl þá sem ég átti fyrir höndum. Ég náði mér fljótt og hélt eftir nokkra daga upp til fjalla.

P. G. þýddi

GESTIR FRÁ ANNARRI JARÐSTJÖRNU

Svo minn mörgum vera farið, að þeim mun þykja í ótrúlegum astu lagi að líkamningafyrirbrigðin eigi sér í raun og veru s að. En hafi mönnum tekizt að gera sér grein fyrir því að hengsanaflutningur eða fjarhrif bera vott um það, að til er orka eða geislán sem kalla má lífgeislán, geislán sem ævinlega er tilraun til að endurskapa það sem hún kemur frá, þá fer það að liggja beint við að líta svo á, að líkamningafyrirbrigðin séu aðeins framhald af hinum algengari og meir viðurkenndu, og komin fram fyrir ríkulegra aðstreymi krafstar en hin.

Þegar menn hafa áttað síg á aðstreymi svefnmagnsins og því hvernig draumarnir, sem með því koma, bera þess vott að þeir stafa frá íbúum annarra stjarna, þá fer einnig að liggja ljóst fyrir hvert hin furðulegu líkamningafyrirbrigði sé að rekja. Sú orkusamhverfing eða kraftform sem nefnist mannlegur líkami, býr, þegar sérstaklega stendur á, yfir hæfileika til að geta framleitt líki af sér eða eftirmynnd, á öðrum stað og það þótt órafjarlægðir séu á milli. — Sannleiksmerkin á þessari frásögn miðilsins eru auðsæ, því að þar lýsir sér einmitt svo vel þessi samskynjun miðils og líkamnings, sem hún kunni engin skil á, enda höfðu lögmálin fyrir því ekki verið uppgötvuð þegar þetta var (um 1900). Þessi samskynjun verður jafnvel á svo háu stigi að hún fer að efast um það hver hún er, þar er um nærrí fullkomna samsálun að ræða við líkamninginn. En þegar miðillinn nær aftur sjálfráðri hugsun sinni, hjaðnar einnig líkamningurinn. Hin aðflutta orka, sem hann skapaði hversfur aftur til upphafs síns, og eins og auðvelt er að gera sér grein fyrir, þá getur þess upphafs ekki verið annarsstaðar að leita en á öðrum jarðstjörnum.

Þorsteinn Guðjónsson

ENN ÚR ÆVISÖGU E. D' ESPÉRANCE

Eg hefði viljað gefa mikið til að mega ganga snemma til náða, í stað þess að sitja miðilsfund en þar sem allir væntu ín, var ekki um annað að ræða en að taka mína venjulegu stöðu meðal vina minna, en ég vonaðist eftir að geta notið einhverrar hvíldar og svefn í miðilsklefnum.

Undansfarið hafði ég átt erfitt og annríkt, ég hafði orðið að fara í heimsóknir og taka á móti gestum, ljúka við málverk og teikningar, sem ég hafði lofað á hlutaveltu. Flutningurinn á húsmunum mínum hafði reynt mikið á mig — og mér féll þungt að skilja við alla sjúklinga mína. Þetta allt hafði kostað mig margar erfiða daga og svefnlausar nætur. Ég hafði því engan áhuga á hvað andarnir tekju sér fyrir hendur, en vonaði aðeins að þeir tefðu mig ekki allt of lengi, og ég var ákveðin í, að eftir að ég á annað borð væri komin í rúmið, skyldi ég ligga til hádegis daginn eftir.

Ég vissi ekki hversu lengi fundurinn hafði staðið, en ég vissi, að Yolanda var stödd fyrir utan miðilsklefann. Ég fókk síðar að heyra um það sem raunverulega gerðist. Hið eina sem ég skynjaði var hræðileg, sársaukafull tilfinning þess að vera kreist og kramin, hér um bil eins og ég gæti hugsað mér að gúmmíbrúða gæti fundið til — ef hún gæti skynjað nokkuð — þegar hún væri handleikin óþyrmilega af litlum eiganda sínum.

Ég varð gripin ótta og skerandi sársaukatilfinningu, eins og ég mundi deyja þá, og þegar, og mér fannst ég eins og falla niður í hræðilegt hyldýpi án þess að vita, sjá eða heyra neitt annað en bergmái af ópi, sem hljómaði eins og úr fjarska. Ég fann að ég sökk niður, en vissi ekki hvert. Ég reyndi að bjarga mér með því að grípa í eitthvað, en náði ekki taki á neinu; og síðan fylgdi tómleikatilfinning, sem ég vaknaði frá titrandi af skelfingu og með þá tilfinningu að vera lemstruð til dauða.

Hugsanir mínar virtust hafa dreifzt í allar áttir, en loks gat ég smátt óg smátt áttarð mig svo, að ég gat nokkurnveginn skilið hvað komið hafði fyrir. Yolöndu hafði verið haldið fastri, og maðurinn sem réðst á hana hélt því fram; að það hefði verið ég.

Þetta var það sem mér var sagt. Þessi fullyrðing var svo furðuleg, að ég mundi hafa hlegið að henni, ef ég hefði ekki verið svo magnlaus og alveg ófær um að hugsa eða hreyfa mig hið minnsta. Mér fannst eins og lítið líf væri í mér, og mér fannst þessi litli vottur af lífi vera mér kvöl. Lungnablæðingin, sem dvöl mín í Suður Evrópu virtist hafa læknað, tók sig upp aftur, og blóðið var nærrí því búið að kæfa mig. Afleiðingarnar urðu erfið langvinn veikindi og við urðum að fresta brottför okkar frá Englandi í margar vikur, þar sem ég var ekki ferðafær.

Þetta var hræðilegt áfall, og það sem var ennþá verra fyrir mig en áfallið, var það að ég var algerlega ófær um að skilja það. Mér hafði aldrei dottið í hug að nokkur mundi voga að ásaka mig um svik.

Ég hafði starfað með vinum, mínum í fyrstu af innri þrá efstir þekkingu og seinna af einskærri ást á málefni og óskinni um að útbreiða þekkinguna á því. Maðurinn sem réðst á Yolöndu og framkoma hans olli mér minni sársauka, en sú illgirni sem náð hafði tökum á honum, Hann hafði stundum tekið þátt í fundum okkar. Hann var listamaður í allmiklu áliti, og ábendingar hans og ráðleggingar, að því er snerti málverk míni, voru mér þýðingarmiklar. Ég vildi greiða kennslu hans í reiðu fé, en það vildi hann ekki þiggja, þar sem hann lýsti því yfir, að peningar gætu ekki komið til greina hjá svo andlega skyldum sálum. Mér stóð stuggur af tali hans um skyldleika okkar, og það kom mér til að forðast hann; og það hygg ég hafi orðið orsökin til hinnar breyttu framkomu hans gagnvart mér, og til hins illa orðróms, sem hann kom á kreik.

Ingvar Agnarsson þýddi

Ingvar Agnarsson þýddi

...

Í þessum kafla úr "Skuggaheiminum" lýsir hinn frægi miðill, Elisabet d'Éspérance, miðilsfundi, þar sem örlagarík mistök urðu, er einn fundarmanna réðst á líkamninginn Yolöndu. Þegar líkamningnum er misþyrmt af hinum tortryggna fundargesti, finnst miðlinum að verið sé að misþyrma sér. Svo mikil áhrif hefur þetta á hana, að heilsa hennar bilar, og hún er mjög lengi að ná sér aftur, jafnvel mörg ár, og miðilfundir hennar verða að leggjast niður.

E. d. Éspérance hefur verið ein af allra merkilegustu miðlum sem uppi hafa verið, eins og hin mjög þroskuðu líkamningasýrir-brigði, sem fram komu á fundum hennar bera m. a. vott um. Fundargestir gátu á fundum hennar talað við og faðmað að sér látna ástvini sína; blóm komu fram fulllíkömuð (fullefnuð) og gátu stundum staðið dögum saman, áður en þau hurfu aftur (asefnuðust).

Í frásögnum miðilsins kemur ætíð fram hið nána taugasamband, sem hún hefur haft við líkamningana. Hún verður alveg magnþrota (þótt hún geti oftast fylgzt með því sem gerist) og henni finnst hún reyna það sama og líkamningurinn verður fyrir, hvort heldur það eru blíðuhót eða reiðileg árás, og viðbrögð hennar og líðan fara eftir því.

Ingvar Agnarsson

HJÖRTUR Kr. BENEDIKTSSON :
EINKENNILEGUR MAÐUR

Á ÖLLUM tímum hefur verið uppi fólk, sem hefur verið frábrugðið öllum fjöldanum á einn eða annan hátt, haft einar eða aðrar dulargáfur, er við hin höfum eigi getað skilið eða skýrt á eðlilegan hátt.

Ég vil nú segja nokkuð frá manni, er lifði hér í Skagafirði á síðari hluta 19. aldar og var gæddur sérstaðri dulargáfu. Er nú sem óðast að fyrnast yfir æviferil hans, svo ég álít rétt að forða frá glötun lithu broti úr ævisögu hans.

Maður sá, er hér skal sagt frá, hét Kristinn Pétursson. Foreldrar hans voru hjónin Pétur Arngrímsson og Björg Árnadóttir. Bjuggu þau á Geirmundarstöðum í Sæmundarhlíð 1814 – 38. Mun Kristinn hafa verið fæddur þar um 1830. Börnin munu hafa verið átta, er upp komust. En foreldrar þeirra dóu frá þeim flestum á unga aldri. Pétur dó 30. nóv. 1838, en Björg kona hans í des. sama ár. Eitt þeirra systkina var Jóhann, hreppstjóri á Brúnastöðum í Tungusveit, er varð alkunnur auðmaður.

Eftir lát foreldranna sundraðist heimilið, og börnin fóru í ýmsa staði. Kristinn mun hafa alizt upp í Tungusveitinni, en hvar hann var þar, er mér eigi kunnugt, en sem fullorðinn maður er hann heimilisfastur í Lýtingsstaðahreppi. Kvæntist hann þar konu, er Sesselja hét. Eigi kann ég að greina frá ætt hennar. Andaðist hún innan við miðjan aldur. Einn son eignuðust þau, er Guðmundur hét. Fæðing hans var nokkuð óvenjuleg. Móðir hans fæddi hann við grasatöku í svonefndu Reykjafjalli, sem er í fjallgarðinum ofan við Efribyggð. Þegar Guðmundur var orðinn fulltíða maður, lærdi hann margs konar útvefnað hjá Gunnari bónda Ólafssyni í Ási, sem kenndi þar um skeið vefnað. Varð Guðmundur ágætlega fær í vefnaði. Fluttist hann bráðlega til Reykjavíkur og mun hafa ílenzt þar.

Skal nú sagt frá Kristni. Hann var eigi að neinu leyti frábugðinn öðrum fram yfir þritugsaldur, en þá komu fyrir hann

atburðir, er breyttu að nokkru leyti eðli hans. Hann veiktist og lá lengi þungt haldinn. Heyrði ég, að það myndi hafa verið taugaveiki, er að honum gekk. Einnig var hann upp frá því ekki laus við geðbilun, þótt eigi væru mikil brögð að því. Eigi náði hann fullkomlega heilsu fyrr en eftir heilt ár.

Pegar hann var kominn til heilsu aftur, dreymdi hann, að maður kæmi til sín, sem hann þekkti ekki. Sagði hann Kristni, að hann skyldi prédika framvegis. Ymislegt fleira talaði hann við Kristin, en bannaði honum að segja frá því, sem Kristinn mun trúlega hafa efnt. Nú brá svo við fáum nótum síðar, að Kristinn fór að flytja ræður upp úr svefni, og þeim sið hélt hann upp frá því til æviloka. Oftar prédikaði hann, er hann var gestkomandi, sérstaklega ef hann var þreyttur. Sjaldan prédikaði hann heima fyrir, en flestar nætur söng hann vers, stundum mörg, sem ætíð voru andlæg. Oft kannaðist fólk ekki við þau, hafði aldrei heyrt þau áður.

Hann prédikaði jafnt á nótum sem degi, úti sem inni, fannst þá draga úr sér, svo hann varð að leggja sig fyrir.

Hann virtist sofa mjög fast og þótti miður, væri hann vakinn, sem sjaldan bar við, því hann taldi það sínar sélustu stundir, er hann var að prédika, sem hann mundi ætíð, er hann vaknaði. Var eigi laust við, að honum fyndist til um prédikunarstarfið. Tregur var Kristinn að segja frá, hvernig sér virtist þessu vera háttáð. Þó sagðist hann ætíð vera staddur í sama húsi, er hann prédikaði. Væri það ólíkt öllum öðrum húsum, er hann hafði séð. Ekki gat hann skýrt frá, úr hvaða efni það væri byggt. Engir gluggar voru á því og engin ljós loguðu þar, en þó var þar glansandi birta. Kristinn sagðist vera í ræðustól, er hann prédikaði, og stóð allur söfnuðunninn. Engan af söfnuðinum hafði hann séð í vöku, en marga af þeim þekkti hann í svefninum, af því þeir voru ætíð við predikanir hans. Oft sá hann líka nýja menn vera viðstadda, er hann hafði eigi séð áður. Honum virtist söngflokkur, sem ævinlega var sá sami, syngja og svara sér. Eining var sami maður ætíð meðhjálpari við embættisgjörðina.

Eigi vissi ég til, að Kristinn færi nokkurn tíma út syrir mörk Skagafjarðarsýslu. Þó má vera, að hann hafi komið í Húnavatnssýslu.

En einu sinni fékk hann orðsendingu frá hinum merka og dulræna manni, Hermanni Jónassyni, sem þá var skólastjóri á Hólum. Voru það tilmæli til Kristins að koma heim til Hóla. Varð Kristinn við þeim tilmælum.

Það var veturinn 1889, sem Kristinn fór þangað. Skripaði Hermann grein í Þjóðólf um komu hans þangað. Er hér að nokkru stuðzt við þá grein.

Kristinn gisti tvær nætur á Hólum. Ætlaði Hermann að rita ræðu eftir honum, en það tókst eigi, því hann bar svo hratt fram. Einnig skildist illa það, sem hann sagði, einkum í enda setninga. Aðeins tilfærir hann nokkrar setningar úr ræðunni t. d. þessar :

“Hann hefur sett sinn veldisstól föstum takmörkunum á himnum.....” “Vér skulum umfaðma hann með elskuböndum vorra trúarkrafta.....” “Þótt þetta líf sé skammvinnt, þá er það byrjun til hins óendanlega.”

Oftast framdi Kristinn venjulega messugjörð, tón og ræðuflutning, en nokkrum sinnum heyrði ég hann flytja ræðu líkt og prestur við barnafermingu. Borið mun það hafa við, að hann flytti hjónavígluræður.

Pegar Kristinn tónaði blessumunarorðin, lyftust handleggir hans upp að olnboga á meðan, en duttu móttlausir niður, pegas hann hafði lokið tóninu.

Sumir, sem eigi voru kunnugir Kristni, en höfðu heyrт um þennan einkennilega prédikara, munu hafa álið, að svik væru í tafli og hann prédikaði vakandi. En allir, sem sáu hann — ég vil segja í þessum dásvesfni — sannsærðust um það, að hann var í fasta svefni. Líka vissu þeir, sem þekktu hann vel, að hann var vandaður og hrekklaus. Þar að auki var hann eigi meir en í meðallagi greindur, og ég þykist þess fullviss, að hann hefði alls eigi getað samið ræður, sem hann flutti, sem oft voru furðugóðar. Telur Hermann þær, í áðurnefndri

grein, "lýsa gásum, þekkingu, mælsku og fögru orðfæri", þrátt fyrir að hann var málstirður í vöku. Stundum hafði hann yfir vers, sem enginn kannaðist við, en oft vísaði hann til þekktra sálma við messugjörðina. Vissi ég dæmi til, að þeir sálmar voru sungnir, og að því loknu byrjaði Kristinn ræðu sína.

Ég, sem línum þessar rita, þekkti Kristin vel á síðustu árum hans, því hann átti mörg síðustu árin heima á næsta bæ, Kjartansstöðum. Var þar einn síns liðs í húsmennsku. Átti hann nokkrar kindur, sem hann lifði af. Til eins starfa var hann tölувert eftirsóttur. Það var að þæfa vaðmál. Var á þeim árum allmikil tóvinna á stærri bæjum. Á Marþæli var hann ætíð sjálfsagður 1—2 daga á útmánuðum að þæfa. Hafði svo verið um mörg ár. Í því sambandi set ég hér litla frásögu.

Næsta vor eftir andlát Kristins dreymdi húsmóður mína, Sigurlínu Magnúsdóttur, húsfreyju á Marþæli, nóttnina áður en þæfa átti vaðmál næsta dag. Henni þykir Kristinn koma til sín. Talar hann eithvað við hana, sem hún mundi eigi glöggt, nema hann segir að síðustu við hana: "Ég ætla að koma og þæfa á morgun." Sigurlína mundi, að hann var dáiinn og þykist svara: "Ég held þú getir það nú ekki núna." En hann "Jú, ég kem."

Kristinn andaðist á Kjartansstöðum 21. júní 1889. Hafði hann verið lasinn nokkra daga, en hafði sótavist nema síðasta daginn, sem hann lifði.

(Tindastóll 1961 bls. 28)

Pessi eftirtektarverða frásögn, sem svo vel hefur tekizt að fára í letur, er einmitt meðal þess sem auðvelt er að skilja, út frá uppgötvuninni um eðli svefn og drauma. Sá sem lært hefur að athuga drauma sína með þeim skilningi, getur ekki efzat um að hinum ókunnuglegu sýnir Kristins Péturssonar, hafa verið sama eðlis og það sem í draumum ber fyrir, og með réttu ber að rekja til sambands við íbúa annarra stjarna. Aðeins hefur sambandið þarna verið óvanalega stöðugt og sterkt, og líkara miðilssam-

bandi en draumsambandi, Nokkur skonar prestur, íbúi annarrar stjörnu, sem á sér þar sinn söfnuð, og fremur sínar athafnir, er þarna sambandsvera miðilsins Kristins Péturssonar og vekur honum tilhneigingu til að hafast svipað að, Kemst jafnvel dálítill angí af héggómadýrð prestsins inn í hug Kristins, svo að honum fer að finnast til um sig þegar hann predikar. En að það er prestur sem hann fær samband við, skyrist af því, að þegar þetta var, voru prestar í mestum metum hjá almennungi og sköpuðu stilliáhrifin því sambönd í samræmi við það.

F. G.

HVERNIG GETUR BLINDUR MAÐUR SÉÐ SÝNIR ?

NYLEGA las ég í grein í Lesbók Morgunblaðsins um það, að maður hafi séð undarlegar sýnir eftir að hann varð blindur. Ekki fylgdi greininni skýring á því, hvernig slíkt gæti átt sér stað, enda eðlilegt, þar sem vísindamenn almennt vita ekki enn hvernig slíkt getur orðið. En skýringin á þessu er í rauninni mjög einföld, ef menn vilja gera sér ljóst það sem hér fer á eftir: Pað er margsannað, að hugsanaflutningur getur átt sér stað manna á meðal, jafnvel þótt um órasfjarlægðir sé að ræða. Sérhver hugsun svarar til sérstaks ástands á heila þess sem hugsar. Ef þetta ástand flyzt til heila annars manns, kemur fram sama hugsun þar og hefur þá gerzt nokkuð, sem við almennt köllum hugsanaflutning. Er þetta ekki alls ólíkt því sem gerist, þegar útvarpað er. Ef við virðum fyrir okkur hlut, kemur mynd hans fram á nethimnu augans, en sjónaugin flytur heilanum þau áhrif, sem myndin hefir, og skapar með því ástand í honum, sem svarar til myndarinnar, og þetta ástand getur flutzt á sama hátt og hugsanaástand til heila annars manns, og sér hann þá hlutinn, þótt hann sjái hann ekki með eigin augum. Pað mætti því segja, að þarna færí fram nokkurskonar sjónvarp á lífrænan hátt. Af því sem nú hefur verið sagt, er augljóst, að mynd getur ekki orðið til í heilanum sjálfum, heldur aðeins ástand sem svarar til myndar, og það aðeins meðan horft er.

Þetta er haegt að sannprófa með því að horfa á hlut um stund, en loka síðan augnum. Jafnuskjött og það er gert, hverfur sýnin, en eftir eru aðeins minningar um stærð, lögum eða lit hlutarins o. s. frv. Þegar þetta hefir skilizt, er fráleitt að hugsa sér, að heilinn geti geymt myndir af því sem fyrir auguber, og kallað þær fram við tækifæri. Jafnfráleitt og að hugsa sér það, að heilinn gæti geymt lykt. Pað eru aðeins minningar um skynáhrif, sem heilinn geymir, en ekki skynáhrifin sjálf.

Út frá því, sem hér hefir verið sagt, væri alrangt að ímynda sér, að sýnir blinda mannsins, ættu rætur að rekja

til þess, sem hann hefði áður séð, enda stangaðist það algjörlega við frásögn hans, og sýnir það ljóslega sannleiksgildi hennar. Sýnirnar sem blindi maðurinn sá, voru honum ókuunarar, og það svo mjög, að margt af því sem hann sá kunni hann ekki nöfnum að nefna, og bendir það greinilega til þess, að þær hafi flutzt til hans úr annarra hugsun.

Í fyrstu helt kona mannsins, að sýnir þessar væru draumar og bendir það til þess, að hún hafi haft töluberða skarp-skylggni til að bera, því að undirrot drauma og þessara vöku-sýna er ein og hin sama.

Skýringin á sýnum blinda mannsins er í stuttu máli þannig: Hann hefir fengið hugsamband við einhvern, sem sá það sem gerðist og það flutzt til heila hans og skapað þar samskonar ástand og ríkti í heila þess sem horfði á það sem var að gerast. Nú efast ég um það að menntamenn vilji fallast á þessa skýringu, og er það eðlilegt vegna þess, að þeir hafa allflestir ekki enn viljað skilja hina stórkostlegu uppgötvun, sem dr. Helgi Pjeturss gerði, er hann uppgötvaði eðli drauma og varpaði þannig ljósi á svo margt, sem mönnum var, og er þoku hulið, og þar á meðal þetta, sem eg hefi hér leitazt við að útskýra.

Sveinn Þ. Víkingur

TVEIR DRAUMAR
sem skýrast hvor af öðrum

Sérstæður draumur.

Mér fannst ég vera staddur á götu í Reykjavík, þar sem ég er kunnugur. Var ég í hópi nokurra manna, sem voru í þann veginn að sprengja í loft upp hús nokkurt þar við götuna. Áður en varði kvað sprengingin við, og lagði ég þá á flóttu ásamt einum félaga minna úr hópnum. Skamma leið höfðum við farið, er við urðum þess varir, að okkur var veitt eftirför. Lá leið okkar gegn um undirgöng og inn í húisasund, þar sem nokkrir bílar stóðu, og tókum við það til bragðs að skríða undir þá. En það var ekki árangur, því að við vorum handteknir þar skömmu síðar.

Á sömu stundu og þetta var, fannst mér ég enn vera staddur við þetta umrædda hús, og var ég þá að tala við stúlkum sem ég þekkti og hafði átt heima í húsinu. Álasaði hún mér fyrir það að hafa tekið þátt í þessu skemmdarverki, en ég reyndi að sannferra hana um, að ég hefði ekki ætlað að gera henni mein. Sættist hún þá við mig og hét því að hjálpa mér að komast undan. Leggjum við því næst af stað, en þá tekst svo illa til, að við mætum þeim, sem að eftirföriðinni stóðu, ásamt tveimur félögum mínum, þeim, sem tekið höfðu á rás þegar sprengingin varð. Nú voru góð ráð dýr, og tókum við það til bragðs að leiðast fram-hjá á sama hátt og elskendur gera stundum. Komumst við þannig undan, og varð draumurinn ekki lengri.

Það, sem fyrst vakti athygli mína, eftir að ég var vaknaður, var, að ég skyldi þarna mæta sjálfum mér, ef svo mætti að orði komast. Hefði ég álitíð það rugl eitt cg markleysu ef ég hefði ekki verið búinn að kynnast kenningum dr. Helga Pjeturss um drauma, því að þær varpa ljósi á þetta eins og svo margt annað. En skýringin á þessu er sú, að sambandið við draumgjafa minn rofnar í sömu svipan og handtakan á

sér stað, og fæ ég þá samband við annan úr sama hópi. Síðan á það sér stað, að hinn síðari draumgjafi minn mætir hinum fyrr, í fylgd þeirri sem sízt skyldi. Varð það til að hjálpa mér að átta mig á sambandsskiptunum, en það að skipt sé um draumgjafa, hlýtur hinsvegar að gerast mjög oft.

Svinn Þ. Vikingur

Dæmi um draumgjafaskipti.

Mér þótti ég vera í hópi manna úti við. Var mjög dimmt í lofti eða nær myrkur. Framundan sá ég höll eina mikla eða kastala, sem bar við loft eins og einhver dökkvi, og greindust þó útlínur allsæmilega. Ekki veitti ég neina sérstaka athygli mönnum þeim sem með mér voru, enda litu þeir helzt út sem einhverjar skuggamyndir í dimmunni. En það hafði ég vitund um, að við værum tötrum klæddir, kúgaðir menn. Þótti mér við vera undirmenn auðugs landeiganda, sem færí með okkur að vild sinni. Hafði hann nú nýlega tekið einn úr hópi okkar og sent hann mjög langt í burtu til að vianna enn verri vinnu en við vorum látnir vinna hér, sem ég þóttist vera. Vorum við nú samankomnir í mikilli reiði og uppreisnarhug og hugðumst gera hinum vorduga yfirboðara okkar einhverja skráveisu. Vorum við allir með einhver barefli í höndum og stefndum til hallarinnar. Er við nálguðumst hana, sást móta nánar fyrir einstökum hlutum byggingarinnar, sem virtist allmikil um sig.

En nú skiptir skyndilega um svíð í draumnum, og munu draumgjafaskipti hafa orðið. Þykist ég nú vera eigandi hinnar miklu hallar, og hefur mér borizt vitneskja um uppreisn undirmannna minna. Æði ég út úr höllinni út í einskonar garð og kalla á mína nánustu aðstoðarmenn. Skipa ég þeim að vera viðbúnir komu hinna auðvirðilegu leiguliða. Fannst mér ég vera fullur fyrirlitningar á þessum mönnum, jafnvel svo að mér þótti þeir fremur vera auðvirðileg kvikindi en menn. Sagði ég aðstoðarmönnum mínum að reyna að ginna þá inn í útbygg-

ingu nokkra, sem ég vísaði þeim á, og fóru þeir þegar af stað til að framkvæma skipanir mínar.

Nú skiptir enn um, og er ég nú aftur einn af mönnum þeim sem eru á leið til hallarinnar. Komum við að útbyggingu inni, sem var fremur lág, en lá upp að hallargarðinum. Hugðumst við komast þar inn, því þaðan gætum við komist inn í höllina og gert eigandanum eitthvað til miska. Er við komum að útbyggingunni, urðu engar hindranir á vegi okkar til að komast inn. Urðum við feginir því hve allt virtist ætla að ganga vel. Fórum við þarna allir inn, og var þar nær algjört myrkur. Stefndum við svo að dyrum, sem við þóttumst vita að lægju þaðan inn í höllina. En er við komum þar, sem dyrnar áttu að vera, var þar allt rammlegs læst. Leizt okkur nú ekki á blikuna og leituðum því astur til baka þangað, sem við höfðum komið inn. En þá var þar allt orðið harðlæst líka. Sáum við þá að við höfðum verið leiddir í gildru. Fylltumst við nú mikilli örvaentingu, því að við þóttumst vita, að hallareigandinn mundi hefna sín grimmilega á okkur fyrir uppreisnartilraunina. Vorum við nú þarna í myrkrinu og sáum enga leið út úr ógöngunum.

ENN skiptir um samband og verð ég aftur hallareigandinn. pykir mér nú mönnum mínum hafa vel tekist að framkvæma skipun mína, og að þeir hafi lokað alla hina inni í útbyggingunni. Er ég nú harla glaður með sjálfum mér, og hugsa mér að láta þessa aumu vesalinga gjalda grimmilega fyrir auðsýndan móþróa. En þá vakna ég, og var eins og áhrifin frá draumgjafanum sætu í mér enn nokkra stund á eftir, og var það einkum hin megna fyrirlitning hans á þessum mönnum, sem hann að síðustu hafði á valdi sínu.

Draumur eins og þessi, sem reyndar er mjög ljós, gæti skýrt það að nokkru, hversvegna draumar eru stundum mjög ruglingslegir, svo að líkast er því að atvikin og draumsýnirnar komi úr sinni áttinni hvert eða án samhengis. En slíkt getur auðveldlega stafað af því, að sí og æ skipti um draumgjafa, eða þá að sambandsáhrifin verði frá mörgum í einu. En hér

má nú einnig vera, að verið hafi um að ræða vitundarsamband milli tveggja hópa, sem samstelltir voru til andstillingar eins og oft á sér stað hér á jörðu. Mætti því hugsa sér, að hallareigandinn hafi þarna fyrir fjarsamband vitað til árásarmannanna, og þess vegna getað snúið til varnar í tæka tíð. Má einnig gera ráð fyrir miklum sambandsnæmleika, þar sem samstilling hefur tekist í illu, en til slíks staðar hefur draumsamband þetta auðsjánlega verið.

Ingvar Agnarsson

NYALL

1919—1947

Verð á ritum dr. Helga Pjeturss, endurútgáfnum af Félagi Nýalssinna :

| Óbundið | | | |
|-----------------------------|--------|--------|---------|
| | | Shirt. | Skinnb. |
| Nýall | 100.00 | 75.00 | |
| Ennýall | 55.00 | 41.25 | |
| Framnýall | 65.00 | 48.75 | |
| Viðnýall | 30.00 | 22.75 | |
| Sannýall | 50.00 | 37.50 | |
| Pónýall | 80.00 | 60.00 | |
| | | | |
| Nýalsheildin, 6 bindi | 365.00 | 495.00 | 675.00 |
| — — | 275.00 | 375.00 | 510.00 |

Efri talan merkir býðarverð bókanna en hin neðri verð þeirra hjá féluginu. Kaupendur geta sent pantanir sínar í pósthólf félagsins 1159 eða snúið sér til stjórnarmanna félagsins. Bækurnar verða jafnan fáanlegar í bókabúðum Ísafoldar og Eymundsson.

STEFÁN Á HÓLUM SKRIFAR :

(Stefán Guðmundsson, Hólum í Dýrafjörði, sem kominn er nú á gamals aldur er einn þeirra manna sem með minnstri sérhiðni hefur leitazt við að styrkja félög Nýalssinna. Hefur hann gert það með fjárfamlögum, dugnaði við sölu á Nýal, og er mér þó minnisstæðastur stuðningur hans við útkomu "Tunglgeisla" minna. Um sumt það sem hann segir hér á eftir er ég honum að vísu ekki allskostar sammála. Þannig tel ég kenningu Nýals ekki fyrst og fremst vera framhald af kenningu Krists. Kenning Nýals er vísindakenning, sem afla ber fylgis á þann hátt að reyna að fá menn til að gera sér betur en gert hefur verið til þessa grein fyrir draumum og öðrum slíkum staðreyndum, sem fyrir hendi eru. En þar sem kenning Nýals er hin fyrsta vísindakenning, sem bregður ljósi yfir uppruna og eðli trúarbragðanna, þá má þó einnig til sanns vegar fera það, sem Stefán segir, að Helgi Pjeturss hafi verið arftaki Krists, þó að fleiri spámenn og trúarbragðasforingja mætti þar þá eining nefna.

Porsteinn Jónsson)

Undanfarið hefi ég velt því fyrir mér, hvernig beri að túnka fræði dr. Helga Pjeturss. Ég geri frekar ráð fyrir að hjá slíku verði ekki komið fremur en um aðra fræðara. Kom mér til hugar, að ekki væri hægt annað eða rétt en að fara sér þar rólega. Taka heldur þess djarflegar í að fá grundvöll trúarbragðanna rannsakaðan. Meistarinn Jesús Kristur var aði alvarlega við því að byggja hús á sandi, svo að niðurriðsöfl náttúrunnar ætti síður aðgang til að fella þau til hruns. Sú viðvörun Jesú hefur þó auðsjáanlega ekki lánazt. Trúarlífið hefur mikils til byggzt upp á sandi, sem þó alls ekki ber að undrast er allt kemur til alls. Ástæðan er, að það grundvallarbjarg, sem Jesús talar um, sannleikurinn, hefir allt fram á síðustu daga ekki líkt því nægilega verið til staðar. Efnishumurinn, sem sköpunarverk Guðs er stofnsett á, hefur ekki

nægjanlega verið þekktur eða skilinn. Af þessu hefur sköpun-arsaga mannlífsins gengið hægt, og með stóráföllum, og þó verst í nútímanum. Enda úrslitahríðin á milli aflanna tveggja, höfðingja ljóss og myrkurs, yfirstandandi. Er því engin furða, þótt mikið gangi á. Nýr tími er í fæðingu, og þegar komið að kollhríðinni. Er síður en svo að mannfólkis megi taka slíku með vangaveltum í gömlum tíma, því að enn er sú speki Jónasar í fullu gildi, að mönnunum munar annað hvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið. Og óumdeilanlega er mannlífið nú á ljótri niðurgöngu.

Öll guðmenni aldanna hafa haft einhvern pata af bólunarvaldi því, sem við mundi vera að stríða. Og hver þeirra leiddi og studdi þann næsta til nýrra sigra og stærri í því að sjá og skilja bólvaldinn æ betur. Jesús Kristur rak út af illa höldnum meðbræðrum sínum djöfla þá, sem nú til dags kallast krabbamein og fleira slíkt. Dr. Helgi Pjeturss nær svo hámarkinu með því að skilja og sjá fram á hættuna af framgangi myrkavaldsins og þess höfðingja, sem er alger mótherji Guðs. Enda þótt sá höfðingi kunni að tapa tafli og flýja til annarra griðastaða, þá stendur taflið honum nú mjög í vil. En á skammri stund skipast oft veður í lofti og svo gæti orðið hér. EKKI mun heldur Kristi til hugar koma að gefast upp. Endurkomuloforð sitt efndi hann með fæðingu Íslendingssins Helga Pjeturss, sem með nýjum og stórum sannindum skyldi breyta veðurfarinu. Verður sú breyting til hins betra falin í því, að djöfullinn verður eftir aldir og aldabaráttu gegn Guði, dreginn undir sjálft ljós lífsins, þekkinguna.

SKÁLDSÖGUR UM LIÐNA TÍMA

Mér kemur á stundum í hug, er ég les skáldsögur um liðna tíma, hvort ekki geti verið sitthvað athugavert við að taka fyrir einkalíf þeirra, sem dánir eru, og bregða upp af því myndum, sem sá er ritar, getur ekki vitað hvort hafi við sannleik að styðjast, jafnvel hversu vel sem hann kann að setja sig inn í líf þeirra. sem hann segir frá og það tímabil sem þeir lifðu á. Þó er ekki fyrirtakandi að skáldin geti fyrir vitsamband komið nærrí hinu rétta, á stundum, því að skáldskapargáfan er mjög í eðli skyld spádómsgáfu og miðilshæfilleikum. Hefur mér útfrá því skilizt að heilinn sé þess megnugur að veita viðtöku hugsunum annarra, líkt og viðtæki gagnvart senditæki, og mun að því lúta það, þegar sagt er að "andinn komi yfir" mann, eins og við á þegar hugurinn verður fleygur og skapandi. En þó svo sé, þá mun langostast í sagnfræðilegum skáldsögum mjög málum blandað. Er margt sem því veldur, svo sem stilliumhverfi skáldanna. Að hér sé betra að hafa gát á, sést bezt á því, að þeim ber oft ekki saman, þegar þau segja frá sömu atburðum. Líka má á það benda, að óvist er, að rithöfundar, sem taka sér fyrir hendur að semja slíkar sögur, hugsi svo mjög um að komast næst hinu rétta, heldur að skapa heilsteypt verk. Finnst mér þá, að þeir ættu ekki að taka nöfn framliðinna og nota þau sem persónur í sögunum.

Að annað eins og þetta hefur viðgengizt, stafar af röngum hugmyndum manna um lífið. Þó kenndir séu trúarlærðómar og ódaublileikatrú, þá ristir hún aldrei djúpt. Hugsunin um hina framliðnu er á þá leið, að um þá megi segja — þegar nokkuð er umliðið — það sem mönnum þóknast. Peir séu horfnir og lítil líkindi, að þeir verði nokkru sinni á veginum. Eitthvað á þessa leið finnst mér að þetta hljóti að vera, því hverjum mundi t. a. m. detta í hug að semja sögu, án heimilda, um einkalíf fólks, sem væri á lífi, en flutt í aðra heims-

álfu. Ég held það yrðu fáir.

Sennilega breytast viðhorfin mikið, til þessara mála, þegar vitað verður til fulls, að framliðnir eru eins lifandi og vér og í sama heimi þótt í mikilli fjarlægð sé.

Pegar lýðum verður ljóst, að kenningar Nýals eru réttar, mun á mörgum sviðum aukast svo ábyrgðartilfinning manni, að ekki verður ritað um menn og málefni nema það sem satt er og rétt.

20. jan. 1950

Bjarni Bjarnason

Pessi eftirtektarverða grein, sem saman var fyrir einum þrettán árum, hefði þá matt verða ýmsum söguhöfundum sú áminning sem henni var ætlað að vera. En hversu ófusir sem þeir kynnu að hafa verið að taka slíkri ábendingu, þá er það nú augljóst að skilyrði þeirra til að skapa um sig og verk sín hrifningu og aðdáun er stórum minni en áður. Ljós þeirra hefur dofnað, og enginn frami eða framgangur hefur getað bætt þeim það upp. Aðeins með því að ná fram til skilnings á sjálfum sér og gáfu sinni, eftir því sem hér var bent á, gæti þeim farið að takast betur.

þorsteinn Guðdónsson

ÚR BRÉFI

.....Mér var að detta í hug, að verið gæti að ég kæmi út eða fengi kaup endur að svo sem 5 eintökum af ýsl.stefnu, og væri ekki úr vegi, að þú sendir mér þau. Þó er þetta auðvitað alveg óvist. En bezt væri að fá að henni einhverja fasta kaupendur, ef haldið yrði áfram að láta hana koma út. Og til þess ætti í rauninni ekki að þurfa að skorta efni. Yms eru þau tíðindi, sem ævinlega gerast á sviði

vísindanna, en þetta rit ætti nú einmitt að vera fréttaberi um slíkt efni, en aðeins í víðtækara skilningi en nokkur annar. Íslenzk stefna þyrfti að verða það rit, sem síður en öll önnur rit væri vottur um að hér sé verið á útjaðri vitheims, en sem jafnframt sýndi fram á, hversu mjög er hér verið á þeim útjaðri, og þó ekki einungis það. Það sem ber að gera er að sýna fram á, ekki einungis það, að verið sé hér á útjaðri vitheims, heldur eining hitt hversu verið er næri helviti. Það er sannarlega ekki nema á illum stöðum sem menn geta fengið sig til að framkvæma annað eins og það, sem ég á í dag sagt frá í blaði, að stúlka, sem ekkert hafði til saka unnið, var kyrkt nýlega einhversstaðar, því að til slíkra athafna þarf meira en litla fólsku.

Ég skrapp áðan austur í Fljótstungurétt ásamt Sveini og Steina, og var veðrið, sem nú er annars nokkuð svalt, fagurt þessa stund. Haustlitrur skógurinn var heillandi í kvöldskininu og sérstaklega skógarásarnir við Barnafoss og austar, t.d. á Katrínarhól. Stund og stund getur manni þótt svo fagurt á þessari jörð, að manni finnst, sem maður mundi hverfa frá henni með einhverjum söknuði. Það er ekkert eins og þessar kyrru hauststundir og þá einkum á stöðum eins og þessum, sem koma manni til að minnast. En að njóta einhvers, njóta sjálfs sín, er, eins og ég hef víst áður sagt, framar öllu falið í því. En þessi unaður, sem þó var ekki óblandinng angri, varaði ekki nema stutta stund. Pregar í réttina kom, var ég aftur kominn þangað, sem verið er á útjaðri vitheims. Þó var þarna ekki sem verst, því að það bætti nokkuð úr, að ég hitti þarna frænda minn inn, Daniel á Fróðastöðum, sem bauð mér upp á kaffi veitingar og talaði við mig fremur skynsamlega um.....

EFNI

| | | |
|--|------|----|
| Íslenzk stefna..... | bls. | 1 |
| Íslenzk heimspeki. Þorsteinn Jónsson..... | — | 3 |
| Úr Sannýal | — | 12 |
| Úr ævisögu miðilsins E. D' Espérance. P. G. Þýddi .. | — | 13 |
| Gestir frá annarri jarðstjörnu. P. G..... | — | 21 |
| ENN úr ævisögu E. D' Espérance. I. A. Þýddi..... | — | 22 |
| Einkennilegur maður. H. Kr. B..... | — | 25 |
| Hvernig getur blindur maður séð sýnir Sveinn P. Víkingur... | — | 30 |
| Tveir draumar. I. A. og S. P. V... | — | 32 |
| Stefán á Hólum skrifarb.... | — | 36 |
| Skáldsögur um liðna tíma. Bjarni Bjarnason.... | — | 38 |

FÉLAG NÝALSSINNA

Stofnað 1950.

Tilgangur þess er að vekja athygli á kenningum dr. Helga Pjeturss um lífsamband við íbúa annarra hnatta og að vinna að eflingu slíkra sambanda.

STJÓRN FÉLAGSINS SKIPA:

BENEDIKT BJÖRNSSON, formaður
Álfheimum 38, Reyk, sími 32372.

PORSTEINN GUÐJÓNSSON
Sognsveien 85, Oslo

INGVAR AGNARSSON
Hábraut 4, Kópavogi, sími 10593.

PORSTEINN JÓNSSON
Úlfssstöðum Hálsasveit.

SVEINBJÖRN ÞORSTEINSSON
Skálholtsstíg 2, Reyk.

Í S L E N Z K S T E F N A

Tímarit gefið út af Félagi Nýalssinna.

| | | | | |
|------|---|-------------|-----|-------|
| 1951 | I | hefti | kr. | 10,00 |
| 1952 | 2 | — | — | 10,00 |
| 1956 | 1 | — | — | 10,00 |
| 1962 | 1 | — | — | 20,00 |

Hestin eru fánleg hjá Ísafold og Eymundsson.